

**Nefndarsvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**

**Umsögn Frosta Sigurjónssonar um**  
**Mál nr. 434 - Þjóðarsjóður**

Sent á netfang: nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 22. janúar 2019

**Undirritaður vill hvetja þingmenn til að hafna frumvarpi um stofnun þjóðarsjóðs. Rökin fyrir þeirri afstöðu eru rakin hér í framhaldi.**

**Skynsamlegra að nota afgang til að lækka skuldir ríkissjóðs**

Ríkissjóður skuldar nú meira en 600 milljarða, þar af um 100 milljarða í erlendum gjaldeyri. Þessar ríkiskuldir bera vexti sem nema tugum milljarða árlega og íþyngja rekstri ríkisins og þar með skattgreiðendum. Auk þess eru lífeyrisskuldbindingar ríkisins um 620 milljarðar. Skuldir ríkisins eru nægar. Ákveði Alþingi að beina arði af auðlindum fremur til kaupa á verðbréfum í erlendum kauphöllum en greiðslu skulda, þá mun ríkið að lokum skulda 300 milljörðum meira en ella. Hreinn kostnaður skattgreiðenda af slíkri skuld mun nema um 10-15 milljörðum árlega að teknu tilliti til hóflegar ávöxtunar sjóðsins.

**Ríkið á nú þegar eignir erlendis sem grípa mætti til í harðindum**

Í greinargerð frumvarpsins segir m.a. um tilgang sjóðsins:

*“Með frumvarpinu er ætlunin að komið verði á fót varúðarsjóði, Þjóðarsjóði, til að mæta fátíðum efnahagslegum skakkaföllum sem þjóðarbúið getur orðið fyrir, t.d. vegna vistkerfisbrests eða náttúruhamfara.”*

Samkv. greinargerð er miðað við að þjóðarsjóðurinn geymi allt að 250-300 milljarða. Um ráðstöfun hans segir í 6. gr. frumvarpsins að ekki megi úthluta meira en helming sjóðsins í senn, eða 150 milljörðum. Sú fjárhæð er hinsvegar langt innan við 10% af þeim sjóðum sem ríkið og lífeyrissjóðir eiga nú samanlagt í erlendum sjóðum. Seðlabankinn á tæplega 700 milljarða í erlendum eignum en erlendar skuldir bankans eru vel innan við 30 milljarða. Hrein erlend eign Seðlabankans er því um 670 milljarðar. Svo má nefna að lífeyrissjóðirnir eiga nálægt 1000 milljörðum í erlendum eignum og áforma að auka enn við. Heildareignir lífeyrissjóðanna eru alls um 4000 milljarðar en af þeirri fjárhæð á eftir að greiða skatt í framtíðinni. Ríkið á því óbeint verulegan hluta af eignum lífeyrissjóðanna og þar með erlendum eignum þeirra. Komi til áfalls af því tagi sem rætt er um í frumvarpinu væri án nokkurs vafa hægt að losa um 150 milljarða í þessum eignum.

Í ljósi þess að ríkið á nú þegar miklar erlendar eignir beint og óbeint, virðist alls ekki brýnt að ríkið stofni einnig þjóðarsjóð sem taki til sín 300 milljarða til að kaupa erlend verðbréf. Fé sem færi annars til lækkunar skulda, til lækkunar skatta eða til að bæta þjónustu ríkisins við borgarana.

**Hvort er brýnna nú að kaupa erlend verðbréf eða efla forvarnir við náttúruvá?**

Í greinargerð frumvarpsins er útskýrt að sjóðnum sé ætlað að mæta áföllum vegna náttúruhamfara, farsóttar ofl. Markmiðið er verðugt en er þjóðarsjóður leiðin? Hvort skyldi nú vera gagnlegra þegar náttúruhamfarir dynja yfir að eiga verðbréf í útlöndum eða trausta innviði og tiltækan búnað hér á Íslandi sem hægt væri að grípa til tafarlaust? Hvor ráðstöfunin er líklegri til bjarga fleiri mannlífum og verðmætum frá glötun?

Enn þarf að byggja upp varaflugvöll fyrir millilandaflug svo dæmi sé tekið. Varaflugvöllur gæti skipt sköpum fyrir ferðaþjónustuna t.d. ef öskufall lokar Keflavíkurlflugvelli um lengri tíma.

Nú þarf að forgangsraða fjármunum. Hvort finnst þingmönnum brýnna að auka enn frekar við erlenda sjóði ríkisins eða efla heilbrigðiskerfið í landinu svo það hafi eitthvert svigrúm til að takast á við afleiðingar hamfara og farsóttá? Hefur verið gerð greining á því hvaða búnað okkur vantar til að geta brugðist við hamfarahlaupum, eldgosi nærri byggð eða skemmdum á flutningskerfi raforku vegna öskufalls? Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja meira en 50 daga birgðir af eldsneyti í landinu? Þessum spurningum og öðrum svipaðs eðlis þyrfti að svara játandi áður en röðin kemur að því að stækka sjóði ríkisins erlendis.

### **Frumvarpið leggur til glannalegar fjárfestingarheimildir**

Við vörslu opinberra fjármuna hljóta sjónarmið um lágmörkun áhættu að vera í fyrirrúmi fremur en hámarksávöxtunar. Lögmál markaðarins er að til að fá hærri ávöxtun þarf að taka meiri áhættu. Það vekur því furðu hvað frumvarpið ætlar stjórn Þjóðarsjóðsins rúmar heimildir til að hámarka ávöxtun hans. Í 8. gr. frumvarpsins stendur m.a.:

*“Við ákvörðun fjárfestingarstefnu skal miða við að hámarka ávöxtun eigna sjóðsins að teknu tilliti til hóflegar áhættu.”*

Ekki er skilgreint nánar hvað telst “*hófleg áhætta*” en hinsvegar er skýrt hvað “*hámarksávöxtun*” þýðir. Sjóðsstjórn er í sjálfsvald sett að meta hvað sé “*hófleg áhætta*”.

Í 9. gr. frumvarpsins er sjóðnum heimilað að fjárfesta í mjög fjölbreyttri flóru fjármálagerna og einnig afleiðum sem þeim tengjast. Það að heimila sjóðnum fjárfestingu í afleiðum án skilyrðis um að það sé aðeins heimilt til að draga úr áhættu er sérstaklega ámælisvert.

Í 10. gr. frumvarpsins er svo bætt í glannaskapinn. Þar stendur þessi setning:

*“Sjóðnum er heimilt að lána markaðsverðbréf í eigu sinni til fagfjárfesta honum til tekjuöflunar.”*

Slík lán á markaðsverðbréfum eru forsenda skortsölu. Með því að braska þannig með eignir Þjóðarsjóðsins er að sjálfsögðu tekin aukin áhætta. Auk þess eru mjög deildar meiningar meðal fræðimanna um ágæti þess að leyfa skortsölu enda er hún talin skapa vafasama hvata á verðbréfamörkuðum. Ætlar íslenska ríkið að taka þátt í slíku braski?

### **Óþarft að hafa sérstaka stjórn um sjóðinn**

Það virðist vera sóun að setja sérstaka stjórn yfir þennan sjóð þegar Seðlabankinn hefur nú þegar alla þekkingu og aðstöðu sem þarf til að halda mun stærri sjóð í útlöndum. Væri ekki hagkvæmast að fela Seðlabankanum að sjá líka um þjóðarsjóðinn?

### **Samantekt**

Verði þetta frumvarp að lögum mun árleg vaxtabyrði ríkisins í framtíðinni verða 10-15 milljörðum hærri en annars væri. Ríkið á nú þegar mikla erlenda sjóði og óskattlagða eign hjá lífeyrissjóðum sem hægt væri að grípa til við erfiðar aðstæður. Ef vilji er til að bjarga mannlífum og vermætum frá hugsanlegri náttúruvá og farsóttum í framtíðinni þarf nú þegar að hefja uppbyggingu heilbrigðiskerfisins á landsvísu, byggja varaflugvöll ofl. Frumvarpið leggur til óþarflega dýran umbúnað um rekstur sjóðsins og heimildir sjóðsins til að taka áhættu eru óásættanlegar m.v. að hann á að varðveita opinbert fé.

Að lokum vonast undirritaður til þess að nefndin taki ofangreind sjónarmið til athugunar við vinnslu málsins og er að sjálfsögðu fús til að mæta til fundar við nefndina til að ræða umsögnina eða frumvarpið nánar.

Með vinsemd og virðingu

Frosti Sigurjónsson f.v. alþingismaður. [frosti@frostis.is](mailto:frosti@frostis.is) sími 8974060